125

		kr. a.	kr. a.
	Gjöld:		
	Kostnaður sjóðsins	952 20	
	Eign til næsta árs	251 39	1203 59
7.	Suður- Múlasýsla.		
	Tekjur:		
	Eign frá f. á.	764 85	
	Niðurjöfnun, 20 a. á hvert hundrað	1444 80	
	Tillag úr landssjóði til eflingar búnaði . . .	320 00	
	Aðrar tekjur	220 81	2750 46
	Gjöld:		
	Kostnaður sjóðsins	2054 40	
	Varið til eflingar búnaði	400 00	
	Eign til næsta árs	296 06	2750 46

Íslands Norður- og Austuramt.
Akureyri 19. nóvbr. 1889.
J. Havsteen.

17. des. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu*, **um styrktarsjóð Eiríks Ólafssonar.** Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður skýrt mjer frá, að eptir að sýslunefnd Strandasýslu hafi leitað samþykkis yðar á þeirri ráðstöfun hreppsnefndarinnar í Fellshreppi, að stofna nautgripaábyrgðarsjóð fyrir þann hluta af styrktarsjóði Eiríks Ólafssonar, er tjeðum hreppi var ánafnaður við skiptingu Broddaneshrepps, hafið þjer í brjefi dags. 25. okt f. á. neitað samþykkis á slíku fyrirkomulagi, þar sem eigi væri heimild til að verja tjeðum sjóði öðruvísi en samkvæmt skipulagsskránni, sem er staðfest af konungi 18. apríl 1835, og enn fremur úrskurðað, að ekki beri að skipta styrktarsjóðnum milli hinna 2 hreppa, sem hinum forna Broddaneshreppi nú hefur verið skipt í, heldur eigi sjóðurinn óskiptur að koma að notum öllu því sveitarfjelagi, sem nefnt og ákveðið er í skipulagsskránni þ. e. á því svæði, er hinn forni Broddaneshreppur náði yfir áður en honum var skipt, og beri að öðru leyti viðvíkjandi stjórn sjóðsins að hlýða fyrirmælum skipulagsskrárinnar. En hlutaðeigandi hreppar hafa ekki viljað una þessum málalokum, og hafið þjer, með ofannefndu brjefi yðar 11. þ. m. sent mjer 2 brjef sýslumannsins í Strandasýslu, er flytja meðmæli sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu með þeim tilmælum hreppsnefndanna í Fellshreppi og Óspakseyrarhreppi, að jeg felli úrskurð yðar úr gildi að því er skipting sjóðsins snertir, og að því er Fellshrepp áhrærir, samþykki, að tiltölulegum hluta tjeðs hrepps af sjóðnum sje varið til þess að stofna nautgripa-ábyrgðarsjóð fyrir hreppinn.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þar sem jeg hlýt að vera yður samdóma um það, að fylgja beri skipulagsskrá ofannefnds sjóðs, og skipulagsskránni verður eigi breytt nema ef vera skyldi með konungsúrskurði, þá geta ofannefnd tilmæli hreppsnefndanna ekki tekizt til greina; ber því eigi að skipta sjóðnum milli Fellshrepps og Óspakseyrarhrepps sem öðrum eigum Broddaneshrepps, og þar sem Fellshreppi þannig ekki ber neinn sjerstakur, ákveðinn hluti, kemur eigi til greina nein sjerstök ráðstöfun af hans hálfu.

STJÓRNARTÍÐINDIN (deildirnar A, B og C) má panta á skrifstofu landshöfðingja og öllum póststöðvum á landinu. Verð þeirra er 1 kr. árgángurinn, er verður að greiðast fyrirfram um leið og tíðindin eru pöntuð. Eldri árgangar Stjórnartíðindanna, þeir sem enn eru til: kosta heptir 1 kr. 90 a. hver, nema árgangurinn 1874 er kostar 95 aura, og árgangarnir 1886—89 er kosta 1 kr. 25 a. hver.

Stjórnartíðindin eru send kaupendum með póstum. Sje einhverju áfátt við sendinguna, ber viðtakanda, ef hann vill mega búast við leiðrjettingu á því, að skýra þeim. er hann pantar tíðindin hjá, frá vöntuninni með næsta pósti eða fyrstu ferð, sem fellur eptir að sendingin kom.

Embættismönnum, hreppstjórum, hreppsnefndaroddvitum og póstafgreiðslumönnum er skylt að halda þeim Stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptir á af nýju á eigin kostnað.